



IÐNFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS  
ifi@ifi.is NETHYLUR 2, 110 REYKJAVÍK

Reykjavík 15 apríl, 2002.

*Alþingi  
Erindi nr. P 127/1922  
komudagur 15.4.2002*

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

### Áliktun Iðnfræðingafélags Íslands

Félagið þakkar af fá tækifæri til umsagnar um þetta mikilvæga mál.  
Félag Iðnfræðinga er umhugað um að vekja athygli á nauðsyn þessa mikilvæga hlutverks Tækniskóla/Tækniháskóla Íslands að vera tengiliður við verkmenntun og tæknikunnáttu í landinu.

Iðnfræðinámið er og hefur verið mikilvægur tengiliður skólans við verkmenntunina og færir atvinnumarkaðinum mjög eftirsóttan vinnukraft. Iðnfræðingar hafa lagt að baki langt starfsnám og tekið sveinspróf í iðn sinni, öðlast mikilvæga reynslu í sínu fagi og taka síðan hnitmiðað starfstengt iðnfræðinám Tækniskóla Íslands.

Þar sem framundan eru breytingar á Tækniskóla Íslands í Háskóla vill Iðnfræðingafélag Íslands leggja áherslu á mikilvægi þessa náms, og eins mikilvægi þess að námið sé áfram innan skólans.

Er það vilji stjórnar Iðnfræðingafélags Íslands að vera þátttakandi í mótun Tækniháskóla Íslands og hafa áfram áhrif á þróun iðnfræðinámsins þar sem fagfélög iðnfræðinga nýta reynslu sína, náminu til framdráttar.

Kær kveðja,

Stjórn Iðnfræðingafélags Íslands.  
F.h. stjórnar  
Aðalsteinn Hallgrímsson

*Aðalsteinn Hallgrímsson*